



## Samstarf heimila og skóla

---

Lögð er mikil áhersla á gott samstarf við foreldra/forráðamenn. Með góðu samstarfi tryggjum við gagnkvæmt traust á milli foreldra og kennara þar sem hagsmunir nemandans eru í fyrirrúmi. Að Lindaskóla hefur alla tíð staðið öflugur og samstilltur foreldrahópur sem er mikill styrkur fyrir starf skólans. Upplýsingagjöf til heimilanna fer að miklu leyti fram í gegnum MENTOR og heimasíðu skólans. Í 1.- 4. bekk eru sendar heim vikulegar heimavinnuáætlanir þar sem ýmsar upplýsingar koma fram.

Í skólabyrjun eru haldnir haustfundir fyrir forráðamenn. Þar fara umsjónarkennarar yfir ýmsa þætti skólastarfsins, fræðsluerindi eru flutt og nemendur og forráðamenn vinna saman skólaverkefni. Haustfundir Lindaskóla eru með eftirfarandi sniði:

### 1. bekkur

Námskeið síðdegis sem stendur yfir í tvær og hálf klukkustund. Þar kynna umsjónarkennarar teymiskennsluna, inntak námsins og annað skipulag. Auk þess kynna forstöðumaður dægradvalar starfið í Demantabæ og fulltrúi foreldrafélagsins hlutverk og starfsemi félagsins.

### 2. – 6. bekkur

Haustfundir fyrir foreldra nemenda í 2. - 6. bekk eru á morgnana frá kl. 8:20- 9:30 og byrja þeir í heimastofum viðkomandi árganga. Þar vinna nemendur og forráðamenn ákveðin verkefni saman. Um kl. 9:00 fara nemendur í útivist á meðan umsjónarkennarar ræða við foreldra og kynna starf vetrarins.

### 7. - 10. bekkur

Foreldraviðtöl með nemendum eru tvisvar yfir veturinn, í október og í febrúar/mars. Þar gefst tækifæri á að fara yfir stöðu nemandans. Í 7.- 10. bekk eru haustfundir haldnir seinnipart dags eða á kvöldin án þess að nemendur séu með. Þar er farið yfir ýmis mál er við kemur viðkomandi vetri. Í 8. bekk hefur skapast sú hefð að hafa haustfundina með öðru sniði en aðra haustfundi í skólanum. Foreldrum er boðið upp á fyrirlestur um unglingsárin, félagsmiðstöðin Jemen kynnt foreldrum og áður en umsjónarkennarar taka



við hópnum hefur skólinn boðið foreldrum upp á léttan málsverð þar sem umsjónararkennarar, foreldrar og stjórnendur borða saman í skólanum. Upplýsingar um ástundun nemenda er send til foreldra einu sinni í mánuði.

Í öllum bekkjardeildum eru nokkrir foreldrar valdir í bekkjarráð. Hlutverk þeirra er að efla góð samskipti á milli foreldra/forráðamanna, nemenda og kennara í bekknum með því að halda a.m.k. einu sinni á ári bekkjarkvöld í samráði við kennara. Einnig eru skipulagðar ferðir utan skóla til að auka fjölbreytni félagsstarfs bekkjarins.